

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun
Environment and Food Agency of Iceland

•: Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland
Ø: (+354) 591 2000
Fax: (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 13. september 2006
Tilvisun: UST20060800072/bs

Upphéraðsvegur nr. 931, Fellabær - Ekkjufell. Matsskylda.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. ágúst 2006 þar sem óskað er umsagnar umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Hér er um að ræða nýbyggingu Upphéraðsvegar í Fellabæ á um 1,6 km löngum kafla frá Ekkjufelli að Hringvegi 1.

Umhverfisáhrif

Fyrirhuguð veglína liggur um iðnaðarhverfi í Fellabæ, yfir framræst tún í löndum Helgafells, Skipalækjar og Ekkjufells og meðfram klapparholtum inn á núverandi veg við afleggjara að Ekkjufelli. Hluti fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er innan svæðis nr. 646 á náttúrumínjakrá. Gildi þessa svæðis er talið felast í eftirfarandi: "Afar sérkennilegt landslag, sem einkennist af fellum og klettaásnum með myrrarsundum og vötnum á milli."

Votlendi á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði hefur þegar verið raskað og því telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að gera athugasemdir við legu vegarins þar. Fyrirhugað er að sveigja veglínuna að klettaásnum norðan Ekkjufells og taka þar efni úr skeringum. Eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila eru klettaásarnir einkennandi fyrir landslag svæðisins en áhrif á ásýnd lands verða á takmörkuðu svæði nálægt þéttbýlinu við Fellabæ. Umhverfisstofnun telur þó að hlífa eigi þessum klettum við raski eins og kostur er.

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að á svæðinu sé nokkuð um fuglalíf. Þar sem veglínan liggur að mestu leyti um svæði sem nú þegar hefur verið raškað telur Umhverfisstofnun þó ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Uppi er hugmyndir um færslu Hringvegar yfir Lagarfljót, sbr. teikningu 3 í tilkynningu framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun telur að haga eigi framkvæmdum við Upphéraðsveg í Fellum með þeim hætti að ekki þurfi að koma til frekari vegagerðar á þessu svæði þegar ráðist verður í endurnýjun Lagarfljótsbrúar.


Niðurstaða


Að teknu tilliti til umfangs framkvæmdarinnar og legu veglínunnar telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að gert sé ráð fyrir að verktaki muni sjá um að útvega annað efni en það sem kemur úr skeringum. Tilgreint er að opnar námur séu í Selhöfða og Eyvindará og er bent á þær námur sem möguleika fyrir verktaka. Umhverfisstofnun minnir á að ef opnaðar verða nýjar námur vegna framkvæmdarinnar þarf að fjalla um efnistökuna skv. VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og leggja fram áætlun um efnistöku áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að leita verður umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst


Sigurður Friðrikssdóttir
Fagstjóri


Helgi Jensson
forstöðumaður